

SVF

SAMTÖK VEITENDA
FJARSKIPTAÞJÓNUSTU

PÓSTÁRITUN:
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR
KRINGLUNNI 7
103 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. B 120 / 1197
komudagur 19/3 1996

Reykjavík, 15. mars 1996.

Samgöngunefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund

Samtök veitenda fjarskiptaþjónustu fagna því að fá tækifæri til að koma á framfæri við nefndina sjónarmiðum sínum varðandi frumvarp um breytingu á Póst- og símamálastofnuninni í hlutafélag (331. mál). Samtökin lýsa sig fylgjandi frumvarpinu í öllum meginatriðum, enda var sú stefna mörkuð við stofnun þeirra sl. haust, að vinna bæri að breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar. Ör þróun á fjarskiptasviðinu og fyrirsjáanleg samkeppni í þeim efnum kallar á að skipulag Pósts og síma verði sveigjanlegra og sjálfstæði stofnunarinnar verði aukið. Samtök veitenda fjarskiptaþjónustu telja að með því að breyta henni í hlutafélag sé stórt skref stigið í þá átt að tryggja þessi markmið. Samtökin telja hins vegar rétt að fram komi, að þau telja mikilvægt að stjórnvöld og Alþingi marki sér skýrari framtíðarstefnu í þessum efnum, en fram kemur í frumvarpinu.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins hafa samtökin fram að færa örfáar athugasemdir og fara þær hér á eftir:

Í 6. gr. er fjallað um skipun stjórnar Pósts og síma hf. Það er greinilegt að ætlunin er að samgönguráðherra skipi alla aðal- og varamenn, enda fer hann samkvæmt ákvæðinu með eignaraðild ríkisins að félaginu. Þetta fyrirkomulag er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, en þess verður þó að gæta, að tryggja nægilega breidd í stjórninni, þannig að þar komi inn menn með bæði tæknilega og viðskiptalega reynslu. Þetta væri rétt að taka fram í lagatextanum.

Í 9. gr. kemur fram að samgönguráðherra veiti Pósti og síma hf. rekstrarleyfi og væntanlega mun það sama eiga við um aðra aðila, sem koma til með að starfa á þessu sviði. Samkvæmt 10. gr. verður gjaldskrá fyrir einkaleyfisstarfsemi Pósts og síma hf. háð samþykki samgönguráðherra. Samkvæmt fjarskiptalögum er hann líka æðsti yfirmaður Fjarskiptaeftirlits ríkisins, sem hefur ýmsu eftirlitshlutverki að gegna varðandi starfsemi fyrirtækja á þessu sviði. Reglan í 6. gr. frumvarpsins, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að ráðherra skipi alla stjórnarmenn Pósts og síma hf. og hlýtur hann sem fulltrúi eigenda þess fyrirtækis að hafa hagsmuni þess í fyrirrúmi. Samkvæmt þessum ákvæðum eru verkefni ráðherrans því margvísleg og er ljóst að hann verður í senn að vera hlutlaus úrskurðar- og eftirlitsaðili og gæslumaður hagsmuna eigenda Pósts og síma hf.

Það er mikilvæg spurning, hvort ekki sé ástæða til að ganga þannig frá málum, að sem minnst hætta sé á að árekstrar verði milli hinna mismunandi hlutverka ráðherrans í þessu sambandi. Það verður trúlega best gert með því að efla sjálfstæði einstakra aðila á þessu sviði sem undir hann heyra, til dæmis með því að tryggja sjálfstæði stjórnar Pósts og síma hf. eins og kostur er, og með því að eftirlit verði í höndum stofnunar, sem lýtur sjálfstæðri stjórn. Með því væru hagsmunaárekstrar ekki útilokaðir, en verulega væri dregið úr líkum á þeim.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Samtaka veitenda fjarskiptabjónustu,



Páll Magnússon, formaður.